STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1983

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar séu ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað, til þess m. a. að draga úr verðbólgu og vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa; þar á meðal séu ráðstafanir til að lækka tolla, og þar með verðlag á ýmsum nauðsynjavörum heimilanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. tollskrárlaga:

a) Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 40%:
08.01.79, 08.03.00, 19.03.00, 19.05.00, 20.02.02, 20.03.00, 21.02.19, 21.07.05, 21.07.06, 69.11.00, 69.12.00, 70.12.00, 73.38.11, 73.38.19, 76.15.10, 82.08.00, 82.09.01, 82.09.09, 82.14.00, 85.12.54, 87.13.01, 87.13.09 og 98.15.00.

b) Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum falli niður:
90.01.01, 90.03.00, 90.04.09 og 90.19.10.

c) Tollskrárnúmer 70.13.00 ásamt skiptiliðum orðist svo:

		Tolltaxti %
70.13	Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistæki og skrifstofuáhöld, skrautmunir o. þ. h. úr gleri (þó ekki vörur sem teljast til nr. 70.19):	
–01	Borðbúnaður og búsáhöld	40
–09	Annað	80

2. gr.

Lög þessi eru sett til að öðlast gildi frá og með 1. júlí 1983.

Gjört í Reykjavík, 28. júní 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Albert Guðmundsson.

Stjórnartíðindi A 13, nr. 60. Útgáfudagur 29. júní 1983. A 16

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg